GREIÐSLUVEITAN

# Ársreikningur

# 2023

Greiðsluveitan ehf.
Kalkofnsvegi 1
101 Reykjavík
kt. 680800-3240

GREIÐSLUVEITAN

# Ársreikningur

# 2023

## Efnisyfirlit


| | |
|---|---|
| Áritun skoðunarmanns | 2 |
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 6 |
| Skýringar | 7-11 |

# Áritun skoðunarmanns

Til stjórnar og hluthafa Greiðsluveitunnar ehf.

Ég undirrituð, kjörinn skoðunarmaður Greiðsluveitunnar ehf., hef skoðað meðfylgjandi ársreikning fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn félagsins og er á ábyrgð hennar.

Skoðun mína skipulagði ég á grundvelli bókhaldsins, fyrirliggjandi gagna og upplýsinga. Ég skoðaði bókhald félagsins eftir því sem ég taldi vera nauðsynlegt. Ég hvorki endurskoðaði né kannaði ársreikninginn.

Það er skoðun mín að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023 og efnahag þess 31. desember 2023. Ég legg því til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjavík, 16. febrúar 2024

Þuríður Höskuldsdóttir

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginhlutverk Greiðsluveitunnar ehf. er að leiða samræmingu og framþróun fjármálainnviða fyrir greiðslumiðlun á Íslandi í umboði Seðlabanka Íslands.

- Greiðsluveitan sinnir hlutverki sínu einkum með því að hafa umsjón með þremur vettvöngum fyrir hönd Seðlabanka Íslands:
    - Framtíðarvettvangur - stefnumótun fyrir fjármálainnviði til lengri tíma og skoðun á samstarfi í einstökum verkefnum í greiðslumiðlun.
    - Greiðsluráð – umræðu- og upplýsingavettvangur um greiðslumiðlun og fjármálainnviði með hagaðilum greiðslumiðlunar.
    - Reglubókaráð, sem hefur umsjón með útgáfu og breytingu á reglubókum sem skilgreina réttindi og skyldur aðila að fjármálainnviðum og tryggja stöðlun og gagnsæi í rekstri fjármálainnviða í samræmi við alþjóðlegar reglur.

- Greiðsluveitan tekur þátt í verkefnum á sviði fjármálainnviða í umboði Seðlabanka Íslands.

Hagnaður ársins nam um 65 milljónum króna. Eignir félagsins námu 963 milljónum króna í lok árs og eigið fé var 934 milljónir króna. Eiginfjárhlutfall í lok árs var því 97%. Hlutafé félagsins nam 20 milljónum króna í árslok og er það allt í eigu Seðlabankans. Varðandi nánari skýringar á einstökum liðum er vísað til ársreikningsins. Hjá félaginu störfuðu að meðaltali 3,3 starfsmenn á árinu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á eigin fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Reykjavík, 16. febrúar 2024

**Stjórn**

Vigdís Ósk Helgadóttir

Guðrún Sóley Gunnarsdóttir — Páll Kolka Ísberg

**Framkvæmdastjóri**

Sigríður Dís Guðjónsdóttir

# Rekstrarreikningur 1. janúar - 31. desember 2023

| | Skýring | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 4 | 94.321.614 | 90.924.088 |
| Söluhagnaður | | - | 107.370.040 |
| Aðrar tekjur | 5 | 28.796.130 | - |
| **Rekstrartekjur samtals** | | **123.117.744** | **198.294.128** |
| Laun og launatengd gjöld | 6 | ( 65.592.704) | ( 89.426.328) |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 30.212.735) | ( 37.134.129) |
| **Rekstrargjöld samtals** | | **( 95.805.439)** | **( 127.061.196)** |
| **Rekstrarniðurstaða** | | **27.312.305** | **71.733.671** |
| Afskriftir | | - | ( 500.739) |
| Fjármunatekjur | 7 | 53.846.131 | 26.004.737 |
| Fjármagnsgjöld | 7 | ( 241.367) | ( 292.359) |
| **Hagnaður fyrir skatta** | | **80.917.069** | **96.945.310** |
| Tekjuskattur | 8 | ( 16.187.454) | ( 19.392.822) |
| **Hagnaður ársins** | | **64.729.615** | **77.552.488** |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2023

| | Skýring | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Eignarhlutur í félagi | 9 | 200.000.000 | 200.000.000 |
| Skatteign | 10 | - | 5.418.085 |
| **Fastafjármunir samtals** | | **200.000.000** | **205.418.085** |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Handbært fé | 11 | 730.851.294 | 669.940.122 |
| Viðskiptakröfur | 12 | 17.071.462 | 10.095.043 |
| Aðrar skammtímakröfur | 13 | 15.280.760 | 7.300.979 |
| **Veltufjármunir samtals** | | **763.203.516** | **687.336.144** |
| **Eignir samtals** | | **963.203.516** | **892.754.229** |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 14 | | |
| Hlutafé | | 20.000.000 | 20.000.000 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 108.240.000 | 108.240.000 |
| Lögbundinn varasjóður | | 5.000.000 | 5.000.000 |
| Óráðstafað eigið fé | | 801.169.635 | 736.440.020 |
| **Eigið fé samtals** | | **934.409.635** | **869.680.020** |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Tekjuskattskuldbinding | 10 | 170.715 | - |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 1.997.845 | 571.539 |
| Ógreiddir reiknaðir skattar | 10 | 10.598.654 | - |
| Aðrar skammtímaskuldir | 15 | 16.026.667 | 22.502.670 |
| **Skuldir samtals** | | **28.793.881** | **23.074.209** |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | **963.203.516** | **892.754.229** |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2023

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Rekstrarhagnaður | 27.312.305 | 71.733.671 |
| Söluhagnaður eigna | - | ( 107.370.040) |
| **Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta** | **27.312.305** | **( 35.636.369)** |
| | | |
| Skammtímakröfur (hækkun)/lækkun | ( 8.887.794) | 42.299.993 |
| Skammtímaskuldir lækkun | ( 5.049.697) | ( 92.784.926) |
| **Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta** | **13.374.814** | **( 86.121.302)** |
| Innborgaðir vextir | 47.777.725 | 21.259.456 |
| Greiddir vextir | ( 241.367) | ( 292.359) |
| **Handbært fé frá rekstri** | **60.911.172** | **( 65.154.205)** |
| | | |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | |
| Seld greiðslumiðlunarkerfi | - | 68.485.982 |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir | - | 3.550.000 |
| **Fjárfestingahreyfingar samtals** | **-** | **72.035.982** |
| | | |
| Hækkun handbærs fjár á árinu | 60.911.172 | 6.881.777 |
| Handbært fé í upphafi árs | 669.940.122 | 663.058.345 |
| **Handbært fé í lok árs** | **730.851.294** | **669.940.122** |

# Skýringar

## 1. Upplýsingar um félagið

Greiðsluveitan er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.
Tilgangur félagsins er að leiða samræmingu og framþróun grunninnviða fyrir greiðslumiðlun á Íslandi í umboði Seðlabanka Íslands.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Greiðsluveitunnar ehf. fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga nr. 696/2019. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

### Rekstrarhæfi

Stjórnendur félagsins hafa lagt mat á rekstrarhæfi félagsins og niðurstaða þeirra er að félagið hafi það sem til þarf til áframhaldandi rekstrar í fyrirsjáanlegri framtíð. Reikningsskilin byggja því á þeirri forsendu að ekki leiki vafi um áframhaldandi rekstrarhæfi.

## 3. Verulegt reikningshaldslegt mat og ákvarðanir

Gerð ársreikninga krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Stjórnendur yfirfara reglulega mat og forsendur þess og breyta eftir því sem ástæða þykir til. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað.

# Skýringar

## 4. Rekstrartekjur

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Framtíðarvettvangur | 31.412.424 | 46.224.000 |
| Greiðsluráð | 13.824.002 | 13.824.000 |
| Reglubókaráð | 25.920.000 | 12.960.000 |
| Útseld vinna | 23.165.188 | 17.916.088 |
| **Rekstrartekjur samtals** | **94.321.614** | **90.924.088** |

## 5. Aðrar tekjur

Greiðsluveitan hlaut styrk frá Evrópusambandinu vegna þátttöku í samevrópsku tilraunaverkefni fyrir greiðslur með rafrænu auðkennaveski (EU Digital Wallet). Hluti styrksins, um 200þús EUR var greiddur út á árinu 2023. Tilraunaverkefnið stendur yfir í tvö ár og hófst í apríl 2023. Áætlað er að kostnaður vegna verkefnisins falli einkum til á árinu 2024.

## 6. Laun og launatengd gjöld

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Laun | 53.705.681 | 79.411.513 |
| Lífeyrissjóður | 8.039.603 | 11.841.823 |
| Önnur launatengd gjöld | 4.429.364 | 6.636.142 |
| Breyting á áföllnu orlofi | ( 581.944) | ( 8.463.150) |
| **Laun og launatengd gjöld samtals** | **65.592.704** | **89.426.328** |
| | | |
| Fjöldi ársverka er | 3,3 | 5,4 |

## 7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankainnstæðum | 53.808.897 | 25.942.279 |
| Aðrar vaxtatekjur | 37.234 | 62.458 |
| **Fjármunatekjur samtals** | **53.846.131** | **26.004.737** |
| | | |
| Vaxtagjöld | ( 241.367) | ( 292.359) |
| **Fjármagnsgjöld samtals** | **( 241.367)** | **( 292.359)** |
| | | |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals** | **53.604.764** | **25.712.378** |

# Skýringar

## 8. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 16,2 m.kr. (2022: 19,4 m.kr.). Skatteign vegna yfirfæranlegs taps fyrri ára dregst frá reiknuðum skatti og viðskiptakröfur eru færðar niður um 5% skattalega svo til greiðslu eru 10,6 m.kr.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

| | 2023 | | 2022 | |
|---|---|---|---|---|
| | Fjárhæð | % | Fjárhæð | % |
| Hagnaður fyrir skatta | 80.917.069 | | 96.945.310 | |
| Skatthlutfall | ( 16.183.414) | 20% | ( 19.389.062) | 20% |
| Aðrir liðir | ( 4.040) | | ( 3.760) | |
| **Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi** | **( 16.187.454)** | | **( 19.392.822)** | |

## 9. Eignarhlutur í félagi

Eignarhlutur í félagi samanstendur af 8.795.075 hlutum í Reiknistofu bankanna hf. (RB) sem samsvarar 7,33% af heildarhlutafé RB. Eignarhluturinn er færður á kostnaðarverði, 200 m.kr.

## 10. Skattskuldbinding/(-eign)

| | Skuldbinding/(eigr |
|---|---|
| Skatteign 1. janúar 2022 | ( 24.810.907) |
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2022 | 19.392.822 |
| Tekjuskattur til greiðslu 2023 | - |
| **Staða 31. desember 2022** | **( 5.418.085)** |
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2023 | 16.187.454 |
| Tekjuskattur til greiðslu 2024 | ( 10.598.654) |
| **Staða 31. desember 2023** | **170.715** |

Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur kemur til af skattalegum niðurfærslum viðskiptakrafna.

## 11. Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af bankainnstæðum. Stærstur hluti af bankainnstæðum félagsins eru hjá Seðlabanka Íslands, eiganda Greiðsluveitunar ehf. Sjá nánar í skýringu 16.

## 12. Viðskiptakröfur

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Kröfur á tengd félög | 15.598.495 | 10.095.043 |
| Kröfur á aðra innlenda aðila | 1.472.967 | - |
| **Staða í árslok** | **17.071.462** | **10.095.043** |

## 13. Aðrar skammtímakröfur

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 1.606.419 | 1.523.242 |
| Fjármagnstekjuskattur | 11.846.143 | 5.777.737 |
| Ofgreiddur skattur | 1.828.198 | - |
| **Staða í árslok** | **15.280.760** | **7.300.979** |

## 14. Eiginfjáryfirlit

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Lögbundinn varasjóður | Óráðastafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1. janúar 2022 | 20.000.000 | 108.240.000 | 5.000.000 | 658.887.532 | 792.127.532 |
| Hagnaður ársins 2022 | | | | 77.552.488 | 77.552.488 |
| **Eigið fé 31. desember 2022** | **20.000.000** | **108.240.000** | **5.000.000** | **736.440.020** | **869.680.020** |
| Hagnaður ársins 2023 | | | | 64.729.615 | 64.729.615 |
| **Eigið fé 31. desember 2023** | **20.000.000** | **108.240.000** | **5.000.000** | **801.169.635** | **934.409.635** |

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 20 m.kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutafjár sem félagið hefur selt.

Samkvæmt lögum um einkahlutafélög skal leggja hluta af hagnaði ársins sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði í varasjóð þar til hann nemur fjórðungi hlutafjárins.

## 15. Aðrar skammtímaskuldir

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Skuld við tengd félög | 1.887.193 | 4.477.763 |
| Virðisaukaskattur | 2.050.839 | 2.480.309 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 12.088.635 | 15.544.598 |
| **Staða í árslok** | **16.026.667** | **22.502.670** |

## 16. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

| **Viðskipti við Seðlabanka Íslands** | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Keypt aðstaða | ( 9.850.000) | ( 3.642.000) |
| Keypt þjónusta | ( 12.579.284) | ( 13.790.419) |
| Seld þjónusta | 100.888.443 | 90.886.088 |
| Vaxtatekjur | 53.486.726 | 25.759.313 |
| **Samtals** | **131.945.885** | **99.212.982** |

| **Stöður við Seðlabanka Íslands** | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Bankainnstæður | 724.985.154 | 665.069.575 |
| Kröfur | 15.598.495 | 10.095.043 |
| Skuldir | ( 1.887.193) | ( 4.477.763) |
| **Staða í árslok** | **738.696.456** | **670.686.855** |

# Skýringar

## 17. Reiknignsskilaaðferðir

### Skráning tekna

Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

### Eignarhlutur í félagi

Eignarhlutur í félögum, þar sem félagið á minna en 20% hlutafjár, eru færðir á kostnaðarverði. Arður frá þessum félögum er færður til tekna meðal fjármagnstekna þegar honum er úthlutað.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.



Fullgild rafræn undirskrift
SIGRÍÐUR DÍS GUÐJÓNSDÓTTIR
Kennitala: 150186-2699
2024-03-01 13:31:41 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÞURÍÐUR HÖSKULDSDÓTTIR
Kennitala: 281267-5669
2024-02-21 15:46:59 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
GUÐRÚN SÓLEY GUNNARSDÓTTIR
Kennitala: 150981-4849
2024-02-21 16:35:01 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
PÁLL KOLKA ÍSBERG
Kennitala: 090358-4569
2024-02-21 16:46:14 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
VIGDÍS ÓSK HELGADÓTTIR
Kennitala: 140380-3509
2024-02-27 11:48:05 GMT
Ástæða: Undirskrift